

# Skýrsla fjarskiptahóps Ský á aðalfundi Ský

9. febrúar 2010

Hér verður starfsemi fjarskiptahópsins árið 2009 reifuð. Strax í kjölfar hrunsins virtist sem stjórn og félagsmenn almennt væru lítið á höttunum eftir félagsstarfsemi á borð við þá sem Ský stendur fyrir. Störf fjarskiptahópsins á fyrrihluta 2009 lituðust nokkuð af því. Þó var nokkur starfsemi á vegum fjarskiptahópsins árið 2009.

Boðið var upp á örnámskeið á sviði fjarskipta þ.19. mars. Um það sáu Jón Ingi Einarsson og undirritaður. Námskeiðið fjallaði um heimanet. Jón Ingi kynnti hvaða tækni er í boði til að byggja upp heimanet og ýmsa hagnýta hluti í tengslum við þau. Hann fjallaði um kopar- og ljósstrengi, tengi og hvernig þau eru sett á strengi, þráðlaus net, fjarskipti um raflínur og fl. Undirritaður fjallaði um nýjar viðmiðunarreglur Staðlaráðs Íslands, ýmsa staðla er lúta að heimanetum og þjónustu á slíkum netum.

13. maí var haldinn hádegisfundur á vegum fjarskiptahópsins um stöðuna í sæstrengjamálum og gagnaverum. Guðmundur Gunnarsson hjá Farice fór yfir sæstrengjamálin, Halldór Guðmundsson hjá Mílu fór yfir þróun og tækni sem beitt er á ljósleiðarhringnum og Sveinn Óskar Sigurðsson hjá Greenstone fór yfir möguleika á uppbyggingu gagnavera hér á landi. Þessi fundur var mjög vel sóttur og erindin afar áhugaverð.

Segja má að sl. haust höfum við upplifað hjóðláta byltingu varðandi tengingar landsins við umheiminn. Á einu sumri hefur ástandið farið úr nærri ópolandi horfi þar sem meira og minna var treyst á einn streng yfir í mjög ásættanlega stöðu þar sem þrír mjög afkastamiklir strengir eru til reiðu. Þróunin í tengingum innanlands er einnig mikil og jöfn, ljóshringur Mílu er mjög afkastamikill og net Fjarska hefur vaxið og dafnað. Gagnaveraiðnaðurinn gæti orðið næsta stór-atvinngrein Íslendinga ef menn halda rétt á málum. Því hljóta allir menn að fagna enda skapa gagnaverin verðmæt hátæknistörf og eru líkleg til margs konar æskilegra hliðarverkana.

Formaður fjarskiptahópsins situr í fjarskiptaráði fyrir hönd Skýrslutæknifélagsins. Ráðinu er ætlað að vera stjórnvöldum, sérstaklega samgönguráðherra, til halds og trausts í málefnum tengdum fjarskiptum. Ráðið fjallar mest um þingfrumvörp, reglugerðarbreytingar og Evróputilskipanir, en einnig hafa málefni fjarskiptasjóðs nokkuð borið á góma. Í ráðinu er formaður skipaður af samgönguráðherra, fulltrúar fjarskiptafyrirtækja sitja þar auk fulltrúa frá Neytendasamtökunum, Samtökum sveitarfélaga og Ský. Jafnframt situr fulltrúi Póst- og fjarskiptastofnunar fundi ráðsins. Fulltrúi Ský hefur reynt að koma sjónarmiðum fjarskiptanotenda á framfæri í ráðinu, en brýnt er að þeirra hagsmuna sé gætt í hvívetna. Ég

tel því fyllilega réttmætt að Ský eigi fulltrúa í ráðinu. Nú er unnið að sérstakri samskiptaáætlun sem er framkvæmdaáætlun til fjögurra ára og markmiðááætlun til tólf ára.

Fjarskiptahópurinn undirbjó jólaráðstefnu félagsins og var hún haldin 8. des. sl. á Grand Hótel. Ráðstefnan bar yfirskriftina „Ný Sköpun á skjánum“, ótrúleg upplifun, engu lík. Reynt var að hafa erindi um sem flesta fleti sjónvarps og tókst ágætlega. Ráðstefnustjóri var Guðjón Már Guðjónsson og fyrirlesarar voru Magnús Einarsson, Ágúst Valgeirsson, Hannes Högni Vilhjálmsson, Kjartan Á. Guðbergsson, Erlendur Steinn Guðnason, Halldór Jörgensson, Þorsteinn J, og Þorsteinn Högni Gunnarsson. Aðsókn var í meðallagi, en hér með er Ský hvatt til frekari dáða á þessu sviði, félagið getur helgað sér þennan málaflokk og umræðuna um hann.

Í stjórn fjarskiptahópsins sitja Jón Ingi Einarsson, Theódór Carl Steinþórsson, Gunnar A. Ólafsson, Guðmundur Daníelsson og ég. Stjórnin hefur átt gott samstarf sem ég þakka hér með. Þar með lýk ég máli mínu og þakka áheyrnina.

Sæmundur E. Þorsteinsson